

Sp.

566. Tillaga til þingsályktunar

[166. mál]

um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til lausnar á atvinnuvandræðum Bilddælinga.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem ríkir í atvinnunálum Bilddælinga, og þá fyrst og fremst með eftirfarandi:

1. Aðstoða við, að einn vélbátur, 50—100 smálesta, fái til þorpsins og verði gerður út þaðan.
2. Aðstoða við útvegum fjár og tækja til þess að bæta afköst hraðfrystihússins, koma upp hagkvæmri fiskimjölsvinnslu og skapa skilyrði til fiskisöltunar.
3. Athuga aðrar þær leiðir til úrbóta, er Bilddælingar leggja til, og fara þær eftir því, sem kostur er á.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að fela ríkisstjórn að gera allar þær ráðstafanir, sem í hennar valdi standa, til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem skapast hefur á Bildudal vegna atvinnuleysis. Að vísu er víða um neyðarástand að ræða á landinu, en ekki dugar annað en Alþingi láti það til sín taka, þegar fólk í heilum byggðarlögum snýr sér til þess og biður um hjálp. Sérstaklega er það brýn skylda ríkisstjórnarinnar, að verða við slíkum hjálparbeiðnum, þar sem það er sök ríkisstjórnarinnar sjálfrar, hve slæmt ástandið er, þar sem hún með einokun sinni á útflutningi og innflutningi bannar landsmönnum að bjarga sér sjálfum eftir beztu getu.

Verklýðsfélagið „Vörn“ á Bildudal hefur snúið sér til Alþingis með bréfi, dags. 22. janúar, þar sem með fylgir einróma samþykkt félagsfundar og skýrsla um ástandið. Er hvorutveggja birt hér á eftir sem fylgiskjöl. Af þessum skýrslum sést, að meðaltekjur þeirra fjölskyldumanna, er létu skrá sig, hafa verið sem hér segir á hvern fjölskyldumeðlim eftirtalda mánuði:

Í ágúst: 159 kr. til framfærslu hvers einstaklings.

Í september: 217 kr.

Í október: 183 kr.

Í skýrslunni standa þessi eftirtektarverðu orð m. a.:

„Það má með sanni segja, að nú er komið ár — eða síðan haustið 1949 — sem atvinna hefur verið svo lítil á Bildudal, að allur fjöldi verkafólks hefur ekki haft fyrir brýnustu þörfum sínum.“

Síðar stendur:

„Nú fer í hönd 2—3 mánaða tímabil, sem venjulega er algert atvinnuleysis-tímabil hjá Bilddælingum. Hvernig almenningi tekst að komast yfir það tímabil, skal ósagt látið.“

Það er skylda Alþingis að hjálpa, þegar svona vandræði steðja að og ekki verða yfirunnin nema með aðstoð Alþingis og ríkisstjórnar.

Fylgiskjal I.

Samþykkt Verklýðsfélagsins „Vörn“ á Bildudal 21. janúar 1951.

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ „VÖRN“

Bildudal.

Bildudal, 22. jan. 1951.

Á fundi í Verkalýðsfélaginu „Vörn“, sem haldinn var í gær, var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:

„Fundur haldinn í Verkalýðsfélaginu „Vörn“ á Bildudal sunnudaginn 21. jan. 1951 ályktar, að með núverandi ástandi í atvinnumálum á Bildudal stefni til hins versta ófarnaðar hjá öllum almenningi í þorpinu. Atvinnulíf hefur nú á annað ár verið í því ófremdarástandi, að leitt hefur til fullkomins neyðarástands hjá fjölda verkafólks, auk þess sem fjárhagur hreppsins og fyrirtækja hans, sérstaklega hraðfrystihússins, er kominn í það horf, að nærri liggur gjaldþroti, en stórum hreppir að hjá öðrum, er framleiðslu hafa stundað, er m. a. sést á því, að útvegsmenn hafa nú ekki séð sér fært að gera sjálfir út báta sína á vertíðinni.

Augljóst er, að eins og málum er nú komið, er það hreppnum og hreppsþúum fjárhagslega ofviða að koma atvinnumálanum í viðunandi horf án mikillar utanaðkomandi aðstoðar. Með tilliti til þess, að flest þeirra vandamála, er ástandi þessu valda, eru þess eðlis, að þau verða ekki leyst án íhlutunar stjórnarvalda landsins, telur fundurinn nauðsynlegt, að leitað sé — og krafizt — fullkomins skilnings Alþingis og ríkisstjórnar á þessum málum og jafnframt óhjákvæmilegrar aðstoðar þeirra til lausnar þeim, ef lífsskilyrði fólks í byggðarlaginu eiga ekki að hrynja til grunna.

Fundurinn telur eftirfarandi atriði koma fyrst og fremst til greina til úrlausnar þessara mála:

1. Að fenginn sé til þorpsins hið allra fyrsta a. m. k. einn stór vélbátur (50—100 smál.) og gerður út héðan, t. d. á vegum hraðfrystihússins.
2. Að fenginn sé til þorpsins — eða gerður út héðan a. m. k. að nokkru leyti — einn nýju togaranna, annaðhvort á vegum hreppsins eða í samvinnu við aðila í öðrum kaптúnunum hér nærri, eða á vegum ríkisins.
3. Að bætt verði afköst og vinnsluskilyrði hraðfrystihússins með tæknilegum endurbótum, komið upp hagkvæmri fiskimjölsvinnslu til hagnýtingar fiskúrgangs, karfa o. s. frv., og sköpuð skilyrði til fisksöltunar og verkunar saltfiskjar.
4. Að hafnarssjóður verði styrktur til að fullkomna sem bezt löndunarskilyrði fyrir báta og togara og koma upp nauðsynlegum aðgerðar- og beitingarskýlum og verbúðum.

Til þess að mögulegt verði að framkvæma þessi grundvallaratriði til úrlausnar atvinnumálum Bilddælinga telur fundurinn nauðsynlegt, að Alþingi og ríkisstjórn veiti hreppsfélaginu öflugan stuðning:

1. Leggi fram eða láni nauðsynlegt stofnfé að verulegu leyti, og ábyrgist lán, er hreppurinn kynni að fá til framkvæmdanna.

2. Leggi fram eða láni tæki, t. d. togara, eða geri hreppnum með öðrum hætti kleift að fá þau hingað til þorpsins.
3. Leggi fram, láni eða ábyrgist rekstrarfé til atvinnurekstrar, a. m. k. til að koma starfseminni vel af stað.
4. Tryggi rekstrargrundvöll fyrir útveg og fiskiðnað (hraðfrystihús) með ábyrgðarverði á fiski og fiskafurðum, eða á annan jafntryggan hátt, og hlutist til um, að rekstrarlán til útvegs og fiskframleiðslu verði augin að mun.

Fundurinn skorar á hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps að taka tillögur þessar til yfirvegunar og gera ráðstafanir til lausnar á atvinnuvandræðum Bílddælinga, eftir því sem mögulegt er, og krefjist til þess aðstoðar alþingismanns kjördæmisins, Alþingis og ríkisstjórnar.

Fundurinn skorar á alþingismann kjördæmisins að beita sér af alefli fyrir framgangi þessara mála í samvinnu við hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps.

Fundurinn skorar á Alþingi og ríkisstjórn að verða drengilega við tilmælum, er fram kunna að koma eða komið hafa um fjárhagslega aðstoð til atvinnuaukningar í Bíldudal frá hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, í samræmi við framanskráðar tillögur eða á annan hátt, er að gagni má koma. Jafnframt skorar fundurinn á Alþingi og ríkisstjórn að láta fram fara athugun á atvinnuástandi og atvinnumöguleikum á Bíldudal, svo fullljós verði þörfin fyrir framkvæmdir þær, sem um getur hér að framan, eða aðrar hliðstæðar.“

Verkalýðsfélagið „Vörn“ væntir þess að sjálfsgöðu fastlega, að þér leggið atvinnumálum Bílddælinga allt það lið, er þér megið, og stuðlið að framgangi þeirra úrræða, sem bent er á í ályktun þessari, eða annarra, er kunna að fela í sér lausn þess vanda, sem nú steðjar að verkafólki á Bíldudal vegna atvinnuleysis.

Virðingarfyllst.

F. h. Verkalýðsfélagsins „Varnar“

Ingimar Júlíusson.

Fylgiskjal II.

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ „VÖRN“

Bíldudal.

Greinargerð um skráningu atvinnulausra manna á Bíldudal í nóvemberbyrjun 1950.

Samkvæmt ákvörðun Verkalýðsfélagsins „Varnar“ fór fram atvinnuleysisskráning á Bíldudal dagana 5.—7. nóvember, fyrir tímabilið frá 1. ágúst til 31. október 1950. Niðurstöður skráningar þessarar urðu sem hér segir:

Til skráningar komu: 9 einhleypir karlar, 13 fjölskyldumenn með 44 á framfæri, 8 konur — þar af tvær með 1 barn hver á framfæri, eða alls 30 manns með 46 á framfæri. Af fólki þessu voru 1 einhl. og 1 fjölskyldumaður sjómenn, en aðrir verkamenn og verkakonur.

9 einhl., 12 fjölskyldumenn og 5 konur gáfu upp tekjur sínar sundurliðaðar fyrir hvern mánuð, en 1 fjölskyldumaður og 3 konur fyrir alla 3 mánuðina í einu lagi.

Yfir ágústmánuð höfðu 9 einhl. karlar samtals kr. 4484.00 í vinnulaun, eða kr. 498.00 að meðaltali.

12 fjölskyldumenn með 39 á framfæri höfðu samt. kr. 8124.00 í vinnulaun, kr. 677.00 að meðaltali, eða kr. 159.00 til framfærslu hvers einstaklings.

5 konur með 2 á framfæri höfðu samtals kr. 2794.00 í vinnulaun, kr. 559.00 að meðaltali, eða kr. 399.00 á einstakling.

Af þessu fólki höfðu 2 einhl. og 2 fjölskyldumenn nokkurn veginn stöðuga vinnu í ágúst, og hækka meðaltekjurnar nokkuð fyrir þá sök.

Yfir septembermánuð höfðu 9 einhl. karlar samt. kr. 10481.00 í vinnulaun, eða kr. 1165.00 að meðaltali.

12 fjölskyldumenn með 39 á framfæri höfðu samt. kr. 11082.00 í vinnulaun, kr. 923.00 að meðaltali, eða kr. 217.00 á einstakling.

5 konur með 2 á framfæri höfðu samtals kr. 1991.00 í vinnulaun, kr. 398.00 að meðaltali, eða kr. 284.00 á einstakling.

Af þessu fólki höfðu 2 einhl. og 2 fjölskyldumenn stöðuga vinnu, og hækkar það meðaltekjurnar nokkuð.

Yfir októbermánuð höfðu 9 einhl. karlar samtals kr. 7263.00 í vinnulaun, eða kr. 807.00 að meðaltali.

12 fjölskyldumenn með 39 á framfæri höfðu samt. kr. 9354.00 í vinnulaun, kr. 780.00 að meðaltali, eða kr. 183.00 á einstakling.

5 konur með 2 á framfæri höfðu samtals kr. 5257.00 í vinnulaun, kr. 1051.00 að meðaltali, eða kr. 751.00 á einstakling.

Af þessu fólki höfðu 2 einhl. og 1 fjölskyldumaður stöðuga vinnu fram í miðjan okt., og 4 konur stöðuga vinnu í 3 vikur. Hækka meðaltekjurnar nokkuð við það, einkum hjá kvenfólkinu.

Yfir tímabilið allt, sem skráningin náði til, frá 1. ágúst til 31. október, eða í 3 mánuði, urðu heildartekjur hinna skráðu sem hér segir, þegar við er bætt þeim, sem gáfu upp tekjur sínar í einu lagi fyrir tímabilið allt:

9 einhl. karlar: kr. 22228.00. Meðaltekjur kr. 2470.00. Meðalmánaðartekjur kr. 823.00.

13 fjölskyldumenn með 44 á framfæri: kr. 31160.00. Meðaltekjur kr. 2397.00, eða kr. 547.00 á einstakling. Meðalmánaðartekjur kr. 799.00, eða kr. 182.00 á einstakling.

8 konur með 2 á framfæri: kr. 13802.00. Meðaltekjur kr. 1725.00. Meðalmánaðartekjur kr. 575.00, eða kr. 460.00 á einstakling.

Enda þótt þátttakan í skráningunni hafi í þetta sinn orðið mun meiri en áður (30 nú, 18 í ágúst, 14 í maí), er þátttakan samt hvergi nærri slík sem ástæða væri til, því mestur hluti verkafólks á Bildudal og einnig fjöldi sjómanna hefur haft afar lélega atvinnu í haust, eins og reyndar allt árið, og er ástandið í því efni stórum verra en verið hefur um langt árabil. Í þetta sinn hafa látið skrá sig nokkrir, bæði verkamenn, sem voru í vegavinnu í sept. og fram í október, og verkakonur, sem unnu í Niðursuðuverksmiðjunni í október og haft hafa, meðan sú vinna stóð, hámarks-tekjur eftir því sem hér gerist í haust. Mun því niðurstaða skráningarinnar mega skoðast sem þverskurður af atvinnuástandinu hjá landverkafólki, eins og það hefur verið hér á Bildudal í haust.

Af fólki því, er nú var skráð, komu einnig til skráningar í ágústmánuði s. l. 7 fjölskyldumenn með 26 á framfæri og samt. kr. 12401.00 yfir mánuðina maí—júli (nú kr. 14227.00), 4 einhl. karlar með samt þá kr. 4429.00 (nú kr. 7670.00), og 4 konur með samtals kr. 3068.00 (nú kr. 5679.00).

Loks má geta þess, að 6 af áðurtöldum fjölskyldumönnum, með 25 á framfæri, voru skráðir í maí með samt. kr. 12547.00 frá ársbyrjun. Sést af þessu, að meðalárs-tekjur þeirra eru enn þá innan við kr. 6000.00.

Ein helzta ástæðan fyrir því, að atvinna hefur brugðizt svo á Bildudal í sumar og haust, sem skráning þessi sýnir, er sú, að frystihús hreppsins gat ekki tryggt útvegsmönnum og sjómönnum fulla greiðslu fyrir afla, sem lagður væri upp í húsið til vinnslu. Fóru því bátarnir burt og lögðu afla sinn upp annars staðar, þeir sem gátu komið því við.

Það má með sannni segja, að nú er komið ár — eða síðan haustið 1949 — sem atvinna hefur verið svo lítil á Bildudal, að allur fjöldi verkafólks hefur ekki haft fyrir brýnustu þörfum sínum. Aðstaða fólks er yfirleitt erfið til atvinnuleitar annars staðar, enda víðast svo þröngt fyrir dyrum í þeim sökum nú, að tæplega verður gert ráð fyrir því, að á þann hátt verði ráðið fram úr vandræðum almennings.

Flest á því fólk þetta afkomu sína undir því, að atvinnutæki þau, sem í þorpinu eru, séu starfrækt, eða einhverjar framkvæmdir, sem atvinnubót er að, séu á döf-inni. Efnahagslegir möguleikar þessa fólks til að ráðast í slíkar framkvæmdir af

eigin rammleik, eru að sjálfsögðu afar litlir, sem að líkum lætur, þótti vilji sé fyrir hendi, og veltur þar mjög á því, hvern stuðning hið opinbera, hreppsfélagið og ríkisvaldið, vill og getur látið í té.

Nú fer í hönd 2—3 mánaða tímabil, sem venjulega er algert atvinnuleysistímabil hjá Bilddælingum. Hvernig almenningi tekst að komast yfir það tímabil, skal ósagt látið. En það mun liggja í augum uppi, hver nauðsyn er þess, að þau atvinnutæki, sem til eru á staðnum, verði starfhæf fjárhagslega, er sá tími kemur í byrjun næsta árs, er vertið venjulega hefst og með henni ný atvinnuvon fyrir þá, sem að fiskveiðum og fiskvinnslu starfa. Að þessu sinni ríkir í því efni meiri óvissa en lengi áður, vegna óleystra vandamála varðandi rekstrarmöguleika frystihúsa og útvegsins almennt, og hér á Bildudal sérstakra og óvenjulegra erfiðleika í þessum efnum, sem vonlaust má telja, að sigraðir verði án stuðnings Alþingis.

Bildudal, 8. nóvember 1950.

F. h. Verkalýðsfélagsins „Varnar“.

Ingimar Júlíusson
(formaður).